

Matvælaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík



Reykjavík, 14. mars 2022.

Efni: Umsögn um skjalið „Áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla“.

Vísað er til umsagnarbeiðni matvælaráðuneytisins, sem birt var á Samráðsgátt stjórnvalda við almenning þann 28. febrúar sl., en þar var óskað eftir umsögnum við „Áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla“ (hér eftir „skjalið“). Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (hér eftir „SAM“ eða „samtökin“) fagna því að fá tækifæri til að skila umsögn um þetta skjal og verður gerð grein fyrir sjónarmiðum samtakanna.

Landbúnaður og framleiðsla matvæla hefur, ásamt sjávarútvegi, fylgt íslenskri þjóð allt frá landnámi. Bændur hafa um aldir verndað, varðveitt og nýtt landið til að tryggja þjóðinni fæðu og skilað því frjósömu til komandi kynslóða. Það er hins vegar ekki sjálfgefið að íbúar á Íslandi hafi alltaf nægan aðgang að hollum matvælum heldur þarf að skilgreina skýr markmið, útfærð með stjórnækjum stjórnvalda, sem tryggja að þjóðin búi við fæðuöryggi. Á síðustu fimmtán árum hefur íslensk þjóð ítrekað verið minnt á mikilvægi innlendar matvælaframleiðslu; fyrst árið 2008 þegar íslenska bankakerfið hrundi, næst árið 2020 vegna heimsfaraldurs Covid-19 og loks í febrúar 2022 við innrás Rússa í Úkraínu.

SAM telja að stefnumótun á sviði matvæla – matvælastefna – hljóti að leggja megináherslu á hlutverk innlendar matvælaframleiðslu við að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar. Í upphafi vilja samtökin því leggja þunga áherslu á að fyrsta markmið allrar stefnumótunar á sviði matvæla sé að tryggja áframhaldandi framleiðslu landbúnaðarafurða og matvæla hvers konar á Íslandi.

Þessi umsögn SAM er tvíþætt. Í fyrri hluta umsagnarinnar verður fjallað um aðferðafræði við mótun matvælastefnunnar en í seinni hlutanum verður fjallað um einstaka þætti sem fram koma í skjalinu „Áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla“.

1. Almenn hluti umsagnar – aðferðafræði við mótun matvælastefnu

1.1. Tryggja ber ákjósanleg rekstrarskilyrði bænda

SAM telur að sú skylda hvíli á íslenskum stjórnvöldum að tryggja *sjálfbæra matvælaframleiðslu* í landinu en öruggasta leiðin til sjálfbærrar matvælaframleiðslu er að tryggja ákjósanleg rekstrarskilyrði bænda og fyrirtækja þeirra. Með innlendri landbúnaðarframleiðslu eru gæði matvæla tryggð og enn fremur tryggt að þeir sem að framleiðslu þeirra koma geti haft af því atvinnu og búið við mannsæmandi kjör.

Athygli vekur að í skjalinu er munur á lýsingu verklags fyrir þróun sjávarútvegsstefnu samanborið við lýsingu verklags fyrir þróun landbúnaðarstefnu. Þannig virðist mun meiri vinna liggja til grundvallar varðandi skipan starfshópa og ákvörðun tímalínu við þróun sjávarútvegsstefnu samanborið við þróun landbúnaðarstefnunnar. Auk þessa er nær ekkert vikið að vinnu undanfarandi ára hvað varðar endurskoðun búvörusamninga á sama tíma og ítarlegt yfirlit er að finna yfir vinnu stjórnvalda varðandi endurskoðun núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis. Að mati SAM þarf að bæta úr þessu þar sem það skiptir grundvallarmáli við þróun og breytingu núverandi landbúnaðarkerfis að tekið sé tillit til þróunar og breytinga undanfarinna ára. Þannig skiptir t.d. sköpum að enn er fyrri endurskoðun nógildandi samnings um starfsskilyrði í nautgriparekt, sem ljúka átti vorið 2020, ekki að fullu lokið

SAM vill enn fremur benda á að skýra þarf frekar hugtakanotkun í skjalinu. Þannig er oft og tíðum matvælaöryggi og fæðuöryggi notað með sama hætti. Grundvallarmunur er á þessum tveimur hugtökum – fyrri hugtakið varðar t.a.m. heilbrigði matvæla og merkingar matvæla, sbr. lög nr. 93/1995 um matvæli, en seinna hugtakið varðar það að neytendur hafi raunverulegan og tryggan aðgang að nægum, öruggum og næringarríkum matvælum til að uppfylla næringarþarfir sínar. Þannig er síðarnefnda hugtakið nátengt þjóðaröryggishagsmunum þjóðarinnar.

1.2. Matvælastefna og landbúnaðarstefna þurfa að mynda eina heild

SAM telur jafnframt að tengja þurfi matvælastefnuna vel við einstök lög og reglugerðir. Hin endanlega birtingarmynd pólitískrar stefnumörkunar eru lög frá Alþingi. Því verður íslensk matvælastefna að byggja á lögum á sama hátt og íslensk landbúnaðarstefna verður að vera byggð á lögum – grunnstefna íslenska ríkisins í einstökum málaflokkum grundvallast á lögum frá Alþingi, s.s. búvörulögum, búnaðarlögum, o.s.frv. Á grundvelli laga sem varða framleiðslu landbúnaðarvara, geta íslensk stjórnvöld með stjórnþækjum sínum tryggt framleiðslu landbúnaðarafurða til neyslu fyrir íslenskan almenning. Hér fylgir yfirlit yfir nokkur lög sem nú þegar mynda íslensk landbúnaðarkerfi sem er og verður grunnur að framleiðslu matvæla frá landbúnaði (hluti ríkisvalds tilgreindur í sviga):

- Búvörulög mæla fyrir um grunnframleiðslu landbúnaðarvara, þ.m.t. undanþágur frá samkeppnislögum (löggjafinn, matvælaráðherra)
- Búnaðarlög mæla fyrir um fyrirkomulag búvörusamninga (löggjafinn, matvælaráðherra / fjármálaráðherra)
- Búvörusamningar útfæra nánar þann ramma sem búvörulög / búnaðarlög setja – með aðkomu Bændasamtaka Íslands og fulltrúa þeirra, s.s. afurðastöðva landsins (matvælaráðherra, fjármálaráðherra og Bændasamtökin og afurðastöðvar)
- Tollalög og tollaframkvæmd taki tillit til þeirrar tollverndar sem ákveðin hefur verið af hálfu löggjafans og stjórnvalda (löggjafinn / fjármálaráðherra / Skatturinn)

- Alþjóðasamningar séu gerðir að höfðu samráði við bændur og fyrirtæki þeirra og að virkt eftirlit sé til staðar af hálfu stjórnvalda um rétta framkvæmd þeirra (utanríkisráðherra, fjármálaráðherra / Skatturinn)

Mikilvægt er að matvælastefnan taki tillit til þessara eininga ríkisvaldsins, líkt og gert er ráð fyrir í drögum að nýrri landbúnaðarstefnu fyrir Ísland. Mikilvægt er að matvælastefna og landbúnaðarstefna myndi eina heild að þessu leyti. Þar gegnir landbúnaðarstefnan grundvallarhlutverki enda eru landbúnaðarvörur forsenda framleiðslu matvæla á sama hvaða formi sem matvæli eru.

1.3. Bændur og fyrirtæki þeirra þurfa að hafa svigrúm til rekstrar

Að mati SAM er á stöku stað að finna nálgun sem gerir ráð fyrir of mikilli íhlutun ríkisvaldsins. Sannanlega gegnir ríkisvaldið lykilhlutverki með setningu búvörulaga, búnaðarlaga og gerð búvörusamninga, en mikilvægt er að nálgast hagsmuni landbúnaðar og framleiðslu matvæla þannig að bændur og fyrirtæki þeirra stjórni rekstri sínum eftir fremsta megni.

Á Íslandi og öðrum markaðshagkerfum eru fyrirtækin í viðkomandi atvinnuvegum (hér bændur og fyrirtæki þeirra) hins vegar helstu gerendurnir í þeim skilningi að ákvarðanir þeirra ráða því hvernig atvinnugreinarnar þróast. Stjórnvöld geta einkum haft áhrif á framleiðsluhætti og þróun greinanna og með því að hafa áhrif á starfsumhverfið (með t.d. sköttum og styrkjum, lögum og reglugerðum) og þannig á þá hvata sem fyrirtækin standa frammi fyrir. Slík stýring er þó eðli málsins samkvæmt oft og tíðum ónákvæm, enda afleiðingar stýringar iðulega aðrar en að er stefnt. Þá er nauðsynlegt að hafa í huga að jafnvel þótt opinberri stýringu takist að beina rekstrarháttum fyrirtækjanna í einhverja tiltekna átt, setja samkeppnisskilyrði slíkri stýringu mörk í þeim skilningi að fyrirtæki sem búa við óhagstæðari rekstrarskilyrði neyðast til að gefa eftir í samkeppninni við erlend, fyrirtæki, sem selja vörur sínar á Íslandi en þurfa e.t.v. ekki að hlíta sömu stýringu. Afleiðingin verður þá sú að íslenska framleiðslan minnkar eða jafnvel leggst af.

Í þessu ljósi er augljóst að raunhæf stefnumótun í matvælaframleiðslu verður að fjalla um leiðir að markmiðunum, hvata (jákvæða sem neikvæða) fyrir bændur og fyrirtæki þeirra, gildi boða og banna, samkeppnisaðstæður og í framhaldi af því gera kostnaðar-ábatagreiningu á fyrirhuguðum aðgerðunum. SAM telur að ráðast þurfi í slíka greiningu við þróun matvælastefnu.

1.4. Erlend samkeppni kallar á jöfnun aðstöðumunar

Mikilvægt er að átta sig á að nær öll íslensk matvælaframleiðsla á í samkeppni við erlenda matvælaframleiðslu. Þetta er auðvitað augljóst í framleiðslu matvæla til útflutnings (hvort sem um fisk- eða landbúnaðarafurðir er að ræða), en á ekki síður við um matvælaframleiðslu fyrir innanlandsmarkað. Þrátt fyrir innflutningstakmarkanir og tollvernd á vissum landbúnaðarvörum er verulegur innflutningur á þeim flestum. Þar við bætast fjölmargar staðgönguvörur innlendrar

matvælaframleiðslu sem fluttar eru inn án takmarkana á nánast heimsmarkaðsverði. Því á innlend matvælaframleiðsla í harðri samkeppni við erlenda matvælaframleiðslu á innlendum mörkuðum.

Augljóst er að séu lagðar meiri kvaðir á íslenska matvælaframleiðendur en erlenda veikist samkeppnisstaða hinna fyrrnefndu að sama skapi og þá er þess að vænta að afkoma þeirra versni og framleiðslan minnki. Það fer því í fyrsta lagi ekki saman að hafa annars vegar að markmiði að efla innlenda matvælaframleiðslu og hins vegar leggja á hana kvaðir og byrðar umfram það sem samkeppnisaðilarnir búa við. Í öðru lagi er það óráð að leggja kvaðir og byrðar á íslenska matvælaframleiðslu í því skyni að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda ef það verður til þess að þessi framleiðsla færist til annarra landa þar sem þessar kvaðir eru minni.

Að teknu tilliti til framangreinds er ljóst að löngu tímabært er að samþykkja undanþágur fyrir bændur og fyrirtæki þeirra frá samkeppnislögum. Þann 9. desember 2020 birti þáverandi landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra skýrslu lagastofnunar Háskóla Íslands um undanþágur frá samkeppnisreglum er varða samstarf milli búvöruframleiðenda í ljósi EES-/ESB-réttar. Athygli vekur að þessarar skýrslu er ekki getið í skjalinu. Í skýrslunni kemur fram að víðtækar undanþágur frá samkeppnislögum gilda fyrir framleiðendur landbúnaðarvara í Noregi og í ESB-rétti. Eftir útgáfu þessarar skýrslu hefur komið í ljós að víðtækar undanþágur frá samkeppnislögum gilda einnig í öðrum nágrannalöndum Íslands og víðar. Þannig gilda undanþágur frá samkeppnislögum fyrir bændur og fyrirtæki þeirra í Svíþjóð, Finnlandi, Þýskalandi og Frakklandi. Engin almenn undanþága er til staðar í íslenskum rétti, heldur ein afmörkuð undanþága fyrir afurðastöðvar í mjólkuriðnaði, sbr. 71. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Löngu tímabært er að samþykkja nýja undanþágu frá samkeppnislögum, t.d. sambærilega undanþágu fyrir afurðastöðvar í kjötiðnaði og gera rekstrarskilyrði íslenskra bænda og fyrirtækja þeirra ekki lakari þeim sem gilda í þeim löndum sem Ísland ber sig saman við.

2. Sérstakur hluti – umsögn um „Áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla“

2.1. Umsögn um kafla 1.1 í skjalinu; „Nýtt matvælaráðuneyti“

SAM telur að stefnumið matvælaráðuneytisins séu mjög almennt orðuð og ekki sé gerð grein fyrir því hvernig mæla eigi hvort stefnumið ráðuneytisins hafi náð fram að ganga. Í því sambandi er mikilvægt að nálgast verkefnið, þ.e. þróun matvælastefnunnar, þannig að viðeigandi aðferðafræði sé fylgt – m.ö.o. að matvælastefnunni (auk landbúnaðarstefnunnar, o.s.frv.) sé réttilega lýst í lögum, t.d. búvörulögum, og að framkvæmdavaldið annist almenna framkvæmd þeirra annars vegar og sértæka útfærslu í samvinnu við hagsmunasamtök bænda og fyrirtæki þeirra.

SAM ítrekar að fyrsta markmið matvælastefnu (sem og landbúnaðarstefnu) þurfi að vera framleiðsla landbúnaðarvara. Það verður ekki gert nema tryggt sé að rekstrarskilyrði bænda og fyrirtækja þeirra séu traust og afkoman góð. Í því sambandi skiptir grundvallarmáli að samkeppnisstaða innlendra matvælaframleiðenda sé ekki lakari en staða erlendra samkeppnisaðila þeirra. Mikilvægt er að ný matvælastefna (sem og landbúnaðarstefna) geri ráð fyrir stjórnþækjum

ríkisvaldsins sem unnt er að beita til að jafna þann aðstöðumun þannig að markmið matvæla- og landbúnaðarstefnu náist.

Full ástæða er til að leggja áherslu á framangreint, enda er fyrir séð að hluti nýrrar matvælastefnu muni skilgreina áður óþekkt markmið og verkefni sem bændum er ætlað að undirgangast í rekstri sínum. Nægir að vísa hér til þátttöku bænda í aðgerðaráætlun íslenskra stjórnvalda til að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Ljóst er að bændur og fyrirtæki þeirra muni ekki geta staðið undir auknum kröfum af þessu tagi nema með frekari stuðningi ríkisvaldsins og samkeppnishæfu starfsumhverfi.

2.2. Umsögn um kafla 1.2 í skjalinu; „Stefnumótun síðasta kjörtímabils eru stöðir vinnu þessa kjörtímabils“

Í þessum kafla er farið yfir stefnumótunarvinnu frá síðasta kjörtímabili. Að mati SAM skagar þar út úr tillaga að nýrri landbúnaðarstefnu fyrir Ísland. Í þessari tillögu að landbúnaðarstefnu kveður við nýjan tón þar sem tekið er tillit til sérstöðu íslensks landbúnaðar og bent á að bæta þurfi þann aðstöðumun sem er til staðar á rekstrarskilyrðum íslenskra bænda samanborið við rekstrarskilyrði bænda í nágrannalöndum Íslands. Ljóst er af vinnu þeirrar verkefnisstjórnar sem vann að tillögunni að hún leitaði víða fanga og taldi að bæta þyrfti stöðu íslenskra bænda og fyrirtækja þeirra.

Önnur stefnumótunarvinna virðist hafa verið takmarkaðri. Til að mynda var enginn fulltrúi afurðastöðva skipaður í þá nefnd sem vann að verkefninu „Matarauðlindin Ísland“ (Matvælastefna Íslands til ársins 2030). SAM telur að tillaga nefndarinnar að nýrri matvælastefnu hefði verið markvissari ef sérþekkingar þessara fulltrúa hefði notið við í vinnu nefndarinnar. SAM óskar þegar af þessari ástæðu eftir nánu samtali við Matvælaráðuneyti við útfærslu matvælastefnunnar þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þessara atvinnugreina með hagsmuni þjóðarinnar í huga.

Rétt er að geta þess að samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga kom ekki að mótun nýrrar landbúnaðarstefnu, heldur var tillaga að nýrri landbúnaðarstefnu unnin af Birni Bjarnasyni, fv. ráðherra og þingmanni og Hlédísi Sveinsdóttur, verkefnisstjóra. Hvað varðar endurskoðun búvörusamninga þá er henni ekki að fullu lokið þótt samskipti hafi átt sér stað milli fulltrúa einstakra samráðshópa, sbr. t.d. skilabréf til ráðherra frá samráðshópum um endurskoðun á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar frá febrúar 2019.

SAM er sammála grunnálgun ráðuneytisins um að taka mið af stefnumótunarvinnu undanfarandi kjörtímabils, en telur að taka þurfi t.d. tillit til skýrslu lagastofnunar Háskóla Íslands um undanþágur frá samkeppnisreglum er varða samstarf milli búvöruframleiðenda í ljósi EES-/ESB-réttar, sem fyrr er getið.

2.3. Umsögn um kafla 1.3 í skjalinu; „Matvæli í stjórnarsáttmálanum“

SAM lýsir yfir mikilli ánægju með markmið stjórnarsáttmála um eflingu matvælaframleiðslu. SAM er sammála þeirri afstöðu að mikil sóknarfæri séu til staðar í framleiðslu matvæla og ýmissa hliðarafurða. Með eflingu innlendrar landbúnaðarframleiðslu, s.s. með stækkun afurðastöðva á grundvelli undanþágu frá samkeppnislögum, er unnt að ná fram rekstrarhagræði sem mun gera bændum og fyrirtækjum þeirra kleift að skipa stórt hlutverk í aðgerðaráætlunum stjórnvalda, s.s. um eflingu byggðar og sköpun atvinnu út um allt land. Með slíkri undanþágu fyrir afurðastöðvar í kjötiðnaði, sem finna má stoð í tillögu að nýrri landbúnaðarstefnu, yrði jafnaður að einhverju leyti sá aðstöðumunur sem er til staðar í starfsumhverfi íslenskra bænda samanborið við starfsumhverfi bænda í nágrannalöndum Íslands. Með slíkri undanþágu yrði afurðastöðvum gert kleift að hagræða til hagsbóta fyrir bændur og neytendur. Það er von SAM að ný matvælastefna byggi á sama raunsæi og skilning á atvinnugreininni og finna má í tillögu að nýrri landbúnaðarstefnu, „Ræktum Ísland“. Með bættum rekstrarskilyrðum bænda og fyrirtækja þeirra aukast líkurnar á því að fjölmörg markmið matvælastefnu og landbúnaðarstefnu nái fram að ganga. Ljóst er að aðkoma ríkisins mun skipta sköpum í þessu sambandi.

2.4. Umsögn um kafla 1.4 í skjalinu; „Vinna matvælaráðherra við matvælastefnu“

Í kafla 1.4 í skjali Matvælaráðuneytisins er tekið fram að ráðherra hafi í hyggju að setja saman hóp starfsmanna ráðuneytisins og utanaðkomandi sérfræðinga til að vinna að útfærslu matvælastefnunnar. SAM vill taka virkan þátt í þessu starfi og er reiðubúið að veita upplýsingar og stuðning við útfærslu matvælastefnunnar. Þá getur SAM einnig lagt til fulltrúa í þessa starfshópavinnu ef matvælaráðherra óskar þess. Þá er enn fremur nauðsynlegt að slíkur starfshópur verði skipaður fulltrúa kúabænda, en nautgriparæktin öll stendur að baki 30% af öllu framleiðsluvirði landbúnaðarins.

Hvað varðar markmið matvælastefnunnar, sem tiltekin eru í kafla 1.4, þá hvetur SAM ráðuneytið til að hafa fyrsta markmið nýrrar matvælastefnu að tryggja framleiðslu landbúnaðarvara og annarra matvæla á Íslandi. Það markmið er grunnforsenda allrar matvælaframleiðslu, án tillits til þess á hvaða formi hún er, en vænlegasta leiðin til að ná þessu markmiði er að tryggja hagstæð rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni bænda og fyrirtækja þeirra – m.ö.o. að tryggja nægilega stórar rekstrareiningar til að valda þeim fjölmörgu verkefnum sem sinna þarf í framtíðinni og fram koma í stefnumiðum matvælaráðuneytisins (bls.5), svo sem náttúruvernd, sjálfbærni, kolefnisspori, byggðamálum, orðspori Íslands, o.s.frv.

2.5. Umsögn um kafla 3.1 í skjalinu; „Tillaga að landbúnaðarstefnu og búvörusamningar“

Athygli vekur að í þessum kafla skjalsins er tiltekið að vinna að tillögu nýrrar landbúnaðarstefnu hafi átt sér stað undir forystu samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga. Þessi fullyrðing er ekki í samræmi við tillögu verkefnisstjórnar um nýja landbúnaðarstefnu fyrir Ísland. Hvergi er minnst á samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga, heldur kemur fram í tillögunni að mótun

hennar hafi farið fram undir forystu Björns Bjarnasonar, fv. ráðherra og þingmanns og Hlédísar Sveindóttur, verkefnisstjóra.

SAM er ekki sammála þeirri nálgun sem fram kemur í þessum kafla um að stefnumótun stjórnvalda í landbúnaðarmálum komi ekki síst fram í búvörusamningum. Núgildandi landbúnaðarstefnu er að finna í 1. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Það ákvæði er birtingarmynd íslenskrar landbúnaðarstefnu, þegar þetta er ritað, og hefur sérstakt vægi í réttarframkvæmd. Nægir að vísa til forsendna í dómi Hæstaréttar í máli nr. 22/2021 (Íslenska ríkið gegn Ásbirni Ólafssyni ehf.) þar sem tiltekið er að ljá verði löggjafanum mikið svigrúm við mótun landbúnaðarstefnu eins og hún birtist í 1. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Þannig birtist stefnumótunin í búvörulögum (og búnaðarlögum) og er það hlutverk framkvæmdavaldsins að framkvæma þá stefnu. Búvörulög og búnaðarlög eru svo útfærð nánar í búvörusamningum og þá með aðkomu haghafa (Bændasamtaka, afurðastöðva).

SAM varar eindregið við þeirri stefnu sem boðuð er í þessum hluta skjalsins, þ.e. að dregið verði úr framleiðslutengdum styrkjum í landbúnaði. Vandséð er hvernig unnt er að tryggja fæðuöryggi ef dregið er úr framleiðslutengdum styrkjum. Augljóst er að sé dregið úr framleiðslutengdum styrkjum muni það hafa neikvæð áhrif á framleiðslumagn landbúnaðarafurða. Ennfremur er ljóst að sé dregið úr framleiðslutengdum styrkjum, muni það leiða til aukningar í innflutningi með neikvæðum áhrifum á markmið stjórnvalda um að draga úr losun jarðefnaeldsneytis. SAM telur að stuðningur ríkisvaldsins við landbúnaðinn eigi að renna til þeirra sem framleiða landbúnaðarafurðir og matvæli hvers konar.

2.6. Umsögn um kafla 3.2 í skjalinu; „Landbúnaður í stjórnarsáttmála“

SAM lýsir yfir mikilli ánægju með umfjöllun um landbúnað í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. SAM tekur heilshugar undir fyrsta punkt í þessum kafla sem mælir fyrir um að tillaga að landbúnaðarstefnu verði lögð fyrir Alþingi á fyrri hluta kjörtímabilsins.

Þá lýsir SAM enn fremur yfir mikilli ánægju með annan punkt í þessum kafla þar sem fullyrt er að „[v]ið endurskoðun búvörusamninga verði lögð áhersla á að tryggja fæðuöryggi Íslands með því að efla innlenda landbúnaðarframleiðslu.“ SAM tekur heilshugar undir þessa nálgun.

Auk framangreinds bendir SAM á að önnur markmið þessa kafla mega ekki vinna gegn framleiðslu landbúnaðarafurða og matvæla. Það er grundvallarforsenda að bændum og fyrirtækjum þeirra sé gert kleift að stunda búvöruframleiðslu og að hún fari fram á sem sjálfbærastan hátt.

2.7. Umsögn um kafla 3.3 í skjalinu; „Vinna matvælaráðherra við landbúnaðarstefnu“

Í þessum kafla kemur fram að matvælaráðherra hyggist stofna starfshóp til útfærslu landbúnaðarstefnunnar. SAM fagnar því að starfshópur verði skipaður og óskar eftir því að fulltrúar þess fái að taka þátt í þeirri vinnu sem fram undan er. Að mati SAM skiptir höfuðmáli að

tillaga að landbúnaðarstefnu verði samþykkt sem fyrst enda almenn sátt um flest áherslu mál þeirrar stefnu.

SAM telur að endurskoðun búvörusamninga verði að styðja við markmið um að tryggja fæðuöryggi með því að efla innlenda landbúnaðarframleiðslu svo og framleiðslu matvæla hvers konar. Þetta ættu að vera grunn markmið í matvælastefnu Íslands.

Þá telur SAM rétt að benda á að engar upplýsingar er að finna um mjólkurframleiðslu og mjólkurneyslu í Mælaborði landbúnaðarins. SAM telur ástæðu til að bæta úr þessu og óskar eftir samstarfi við Matvælaráðuneyti til að koma tölum um mjólkurframleiðslu og sölu mjólkurafurða í Mælaborð landbúnaðarins.


3. Lokaorð

Samkvæmt nýrri skýrslu Landlæknisembættis um mataræði landsmanna skila mjólkurvörur um 23% af heildarorku þeirra matvæla sem landsmenn neyta. Í skýrslunni kom einnig fram að neysla flestra vítamína og steinefna er yfir ráðlögðum dagskammti, þó með þeim undantekningum að algengt er að neysla á D-vítamíni, fólati og joði sé of lítil (án neyslu lýsis, D-vítamíntaflna og fæðubótarefna). Samkvæmt skýrslunni skila mjólkurafurðir nálægt 15% af D-vítamínneyslu, um 17% af neyslu fólats og 33% af neyslu joðs (án lýsis, vítamíntaflna og bætiefna). Að síðustu má minna á að mjólkurvörur skila um 65% af neyslu kalks.

Samkvæmt þessari nýju skýrslu um mataræði Íslendinga verður mikilvægi mjólkur og mjólkurafurða í næringu landsmanna seint ofmetið.

Fyrir hönd

Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf.



Sigurjón R. Rafnsson,
stjórnarformaður SAM